



## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

#### 2. gr.

*Sorphreinsunargjald* greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er **kr. 15.875,-** á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpeyðingargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er **kr. 15.575,-** á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpgjald fyrirtækja* greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 30.999,- kr. á ári., sem er annars vegar 15.875,- kr. í sorphreinsunargjald og hins vegar 15.575,- kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald kr. 9.435,- sem er 30% af fullu gjaldi (kr. 31.450,-), enda geti notendur þeirra losað sig við sorphirðu á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 20.743,- kr./ár.

Fyrir sorphirðu umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	Kr. án/vsk
<b>Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:</b>	
0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,-
0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	1.422,-
0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	2.132,-
1,0 m <sup>3</sup>	2.843,-
<b>Óflokkað</b>	<b>Kr./kg án.vsk</b>

<b>Blandaður úrgangur:</b> Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	16,6
<b>Grófur úrgangur:</b> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	18,7
<b>Flokkað</b>	
<b>Timbur:</b> Hvítmálað, plasthúðað og blandað	15,6
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	10,4
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0
<b>Málmar:</b>	0
<b>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</b> Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
<b>Annað:</b> Smádýrahrae, sláturúrgangur og fiskúrgangur	11,4
Fljótandi úrgangur (seyra)	11,4
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefni eða til landmótunar á urðunarstað)	13,5

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m<sup>3</sup> bera lágmarksgjald kr. 2.834,-

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

#### 4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3.. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

#### 5 gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 14. desember 2021, með stoð

í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1393/2020.

*Vopnafirði 14. desember 2021*

*Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri*

---

B-deild – Útgáfud.: